

Skortir úrræði fyrir börn

Ápreifanlegur skortur er á heildarsýn og samféldri, einstaklingsbundinni þjónustu við börn og ungmenni með geðrænan og vímuefnavanda og fjölskyldur þeirra á Íslandi að því er fram kemur í fréttatilkynningu Geðhjálp vegna málþings Geðhjálp og Olnbogabarna á Grand Hótel síðasta fimmtudag. Fréttatilkynningin var send til allra alþingismanna en þar kemur fram að of oft sé börnum vísað í úrræði fyrir fullorðna vegna skorts á sérhæfðum úrræðum fyrir börn.

„Barna- og unglingsgeðdeild Landspítalans-Háskólasjúkrahúss (BUGL) hefur þurft að vísa börnum og ungmennum á sérhæfða fíknigeðdeild fyrir fullorðna á Landspítalanum af því engin sérhæfð deild af þessu tagi er til fyrir börn á Íslandi. BUGL hefur hvorki yfir að ráða sértækum greiningar- né meðferðarúrræðum vegna vímuefnaneyslu barna og ungmenna. Dæmi eru um að mjög ung börn hefðu notið þjónustu á Vogu og gist í Konukoti við hlið fullorðinna fíkla,“ segir í fréttatilkynningunni.

Þá er sagt brýnt að koma á fót sérhæfðri vímuefna meðferð fyrir börn og ungmenni með geðrænan og vímuefnavanda allt upp í 25 ára aldur. Með sama hætti er sagt að þurfi að hleypa af stokkunum langtímaúrræðum fyrir þennan hóp með mikilli samræmdri og samféldri þjónustu ríkis og sveitarfélaga.

Á ráðstefnunni var lagt til að komið yrði á fót gistiskýli til að hýsa ungt fólk með tvíþættan vanda, sem vildi eða gætu ekki nýtt sér hefðbundin meðferðarúrræði, m.a. til að tryggja að óvandaðir einstaklingar nýttu sér ekki neyð þess. Bent var á að skýra þyrfti viðbrögð lögreglu gagnvart því að slíkir einstaklingar skytu skjólshúsi yfir ungt fólk og misnotuðu í skiptum fyrir eiturlyf. Fleiri en einn frummælandi ítrekaði nauðsyn þess að bráðageðdeild væri opin allan sólarhringinn, m.a. með tilliti til þess að algengast væri að fólk skaðaði sig um miðja nótt.

http://www.mbl.is/frettir/innlent/2014/10/30/skortir_urraedi_fyrir_born/